



Opinn fundur 15.febrúar 2012

Kristinn Þorsteinsson bauð alla velkomna, ræddi efni fundarins og hvaða mál voru rædd á síðasta opna fundi. Benti hann á að klukkurnar væru komnar aftur í stofur þar sem kennarar báðu um þær. Síðast var talað um bílastæðið við skólann og hvort það væri öruggt. Kristinn taldi að ekki væri sniðugt að setja örvar til að stýra umferð, taldi hann að slíkt gæti gefið falskt öryggi. Hann taldi möguleika á því að fjarlægja tré svo að bílstjórar sæju betur.

Fríða Gyfladóttir og Tinna Arnadóttir sýndu myndband þar sem Imbran var kynnt. Fóru þær yfir reglurnar í Imbruvíkunni. Þemað verður Charlestone tímabilið. Allir nemendur þurfa að koma á þrjá viðburði einn fyrir hádegi og einn eftir hádegi miðvikudag og einn viðburð fyrir hádegi fimmtudag. Skila á viðverublöðum til umsjónarkennara.

Stefán Stefánsson kynnti árshátíðina. Klukkan hvað allt byrjar, skemmtiatriði, hljómsveit og matseðil.

Kristinn Óskarsson sýndi kynningarmyndband um ballið.

Sandra Sigurbjörnsdóttir kynnti að miðasalan hæfist kl. 12:00 mánudaginn 20.febrúar. Einnig auglýsti hún að rútur væru heim af ballinu.

Ísak Rúnarsson áréttaði að nemendur gætu neitað að blása í áfengismæla.

Ómar Sigurbjartsson kynnti leikritið og hvatti nemendur til að mæta á frumsýninguna.

Jón Rúnar Ingimarsson kynnti útvarp NFFG sem var starfrækt 19.-24. febrúar. Auglýsti hann eftir fólki til að stjórna þáttum. Tíðni sendinga væri FM 106,5.

Fyrirspurnir úr sal:

Hjalti Hilmarsson spurði um sófa, hvort hægt væri að fjölga þeim? Einnig spurði hann hver hefði hannað hjólaskýlið og taldi það vera mislukkað. Að lokum spurði hann hvar reykingamenn ættu að vera?

Arnar Már Pétursson spurði um heildarkostnaðinn við hjólaskýlið.

Kristinn Þorsteinsson svaraði að ekki væru peningar fyrir því að fjölga sófum. Hann benti einnig á að umgengni væri ekki nógu góð. Einar Ingimarsson hannaði hjólaskýlið. Kristinn áréttaði að ekki megi reykja á lóð skólans en bekkur er á lóðamörkunum. Kostnaður við hjólaskýlið var um það bil fjórar milljónir.